

Dalabyggð
Hlynur Torfi Torfason
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 13. september 2023
UST202308-220/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 og gerð nýs deiliskipulags fyrir blandaða byggð í landi Ljárskógar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 og gerð nýs deiliskipulags fyrir blandaða byggð í landi Ljárskógar.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina nýtt 47,2 ha. svæði fyrir frístundabyggð, verslun og þjónustu, íbúðarbyggð, og opin svæði og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Auk þess kemur fram að í deiliskipulagi verða afmarkaðar allt að 19 lóðir ásamt byggingareitum. Í frístundabyggðinni verður gert ráð fyrir allt að 12 húsum, á verslunarsvæðinu verður gert ráð fyrir allt að 30 gistihúsum fyrir allt að 118 gistirúmum og á íbúðarsvæðinu eru tvö og verður byggð þar í samræmi við ákvæði um nýtingarhlutfall.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif tillögunnar eru á fuglalíf, votlendi, vistgerðir með hátt verndargildi, ásýnd og verndargildi Breiðarfjarðar.

Efni lýsingar - Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, þar sem fjallað er um efni lýsingar, segir að í lýsingu skuli gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (f) hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr. Í greinargerð kemur fram að gerð verði grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umhverfisþætti, matsspurningar og umhverfisviðmið í lýsingu sem skoða á og meta í umhverfisskýrslu/mati tillaganna svo að stofnunin geti tekið afstöðu til þessara þátta.

Forsendur lýsingar

Í greinargerð er vitnað í vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem er að finna fjöruvistgerðir, mólendi og votlendisvistgerðir, auk þess segir að landið sé fremur þurrt.

Hér er um að ræða stórt og fjölbreytt svæði sem áætlunin nær til eða um 47,2 ha. Umhverfisstofnun tekur undir að á svæðinu eru malarhraukar sem hægt er að staðsetja

byggingar og önnur mannvirki og því mikilvægt sé að vernda votlendi og aðrar vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðalögum.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að fengin sé sérfræðingur sem vinni gróðurkort á svæðinu sem nýttar eru sem forsendur tillögunnar áður en tillagan sé unnin.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð segir að á þremur stöðum renna ofanvatns-farvegir undir Vestfjarðarveg og þörf er á að gera skurð til að ræsa þessa óljósu farvega betur niður að sjó.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ekki séu gerðir beinir skurðir sem ræsa fram votlendi á svæðinu heldur mótaðir farvegir sem hafa náttúrulegt yfirbragð.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðisstofnunar Íslands er innan skipulagssvæðisins votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Auk þess ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þarf að koma fram, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu.

Umhverfisstofnun bendir á að ýmsar framkvæmdir eins og vegagerð geti valdið fyrirstöðu og þurrkáhreifum.

Verndun á votlendi, forsendur og aðalskipulag sveitarfélagsins

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er lögð nokkur áhersla á að verndun og endurheimt votlendi m.a. til að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika.

Frístundabyggð og verslunar - og þjónustusvæði

Í almennum ákvæðum í aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði segir að ekki má skerða náttúrufríbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Einnig setur sveitarfélagið sé góða stefnu með því að segja: „Eskilegt er að staðsetja frístundabyggð á lítt grónum svæðum eða svæðum sem þegar hefur verið raskað með öðrum mannvirkjum og/eða skógrækt.“

Breiðafjörður

Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja.¹

Umhverfisstofnun bendir á að í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir á bls. 27 að „Ýmsar hættur geta steðjað að þeim (sjávarsvæðið Breiðafjarðar) á komandi áratugum, skógrækt á láglandi, aukinn fjöldi frístundabyggða og dreifing lúpínu auk hækkandi hitastigs.“

Í greinargerð lýsingarinnar segir að sums staðar er ekki mögulegt að uppfylla kröfur skipulagsreglugerðar um lágmarksfjarlægð bygginga frá vegum og sjó. Sótt verður um undanþágu frá fjarlægðarkröfum skipulagsreglugerðar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi Breiðafjarðar og að hún tryggi aðgengi fólk meðfram ströndinni.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að vernda ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að kröfur um hreinsun á fráveituvatni séu í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja.

¹ <http://www.breidafjordur.is/>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur